



FÉLAG HÁSKÓLAKVENNA

STOFNAÐ 1928

Skýrsla stjórnar 2019-2020



Stjórn FHK 2019-2020

- Halldóra Traustadóttir, formaður
 - Hanna Lára Helgadóttir, gjaldkeri
 - Margrét Kristín Sigurðardóttir, ritari
 - Helga Guðrún Johnson, meðstjórnandi
 - Elísabet Sveinsdóttir, meðstjórnandi
-
- Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir.

Stefnumótunarfundur FHK

- Stjórn FHK efndi til stefnumótunarfundar 16. September
- Fundurinn var haldinn í húsnæði Íslandsbanka í Smáralind.
- Á fundinum voru bæði félagskonur og utan-félagskonur.
- Lögð var áherslu á að fá fram sjónarmið ungra háskólakvenna.





Heimsókn í HÍ

- Fyrsti viðburður starfsársins var í Háskóla Íslands 1. október.
- Rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson, og aðstoðarrektor, Steinunn Gestsdóttir, buðu félagskonum í heimsókn í Hátíðarsal í aðalbyggingu háskólans og fluttu þar áhugaverð erindi um starfsemi skólans og umbótaverkefni sem unnið hefur verið að til að efla framgang kvenna í háskólaumhverfinu.

Háskólakona ársins

- Tilkynnt var um val á Háskólakonu ársins á Hótel Holti 20. nóvember.
- Margrét Vilborg Bjarnadóttir, stofnandi og stjórnarformaður PayAnalytics, varð fyrir valinu að þessu sinni.
- Góð mæting var á viðburðinn.





Móttaka mennta- og menningarmálaráðherra

- Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, bauð félagskonum til móttöku í Ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu 11. febrúar.
- Ráðherra bauð félagskonur velkomnar og flutti áhugavert erindi.



Heiðursviðurkenning FHK

- FHK veitti Guðrúnu Pétursdóttur heiðursviðurkenningu félagsins fyrir framlag hennar til rannsókna og vísinda og fyrir að vera einstök fyrirmynd og brautryðjandi. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í móttöku mennta- og menningarmálaráðherra í Ráðherrabústaðnum og afhenti ráðherrann Guðrúnu viðurkenninguna.



Heimsókn í Bjarkarhlíð

- Félagskonum var boðið í heimsókn 28. maí í Bjarkarhlíð við Bústaðaveg sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis.
- Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri, tók á móti félagskonum og sagði frá starfseminni.





Vigdís 90 ára

- Félag háskólakvenna sendi Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands og heiðursfélaga FHK, árnaðaróskir með blómvendi auk þess sem félagið lagði styrktarsjóð hennar lið.

Guðrún Pétursdóttir heiðruð



Guðrún Pétursdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, hlaut í gær heiðursviðurkenningu Félags háskólakefna. Viðurkenninguna hlaut Guðrún fyrir framlag sitt til rannsókna og vísinda og fyrir að vera einstök fyrirmynd og brautrvíandi. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og

mbl.is Forsíða Viðskipti 200 mflur Íþróttir Enski Fólkið Smartland Matur Börn Ferðalög

Skvísur landsins fögnuðu á Hótel Holti



mbl.is Forsíða Viðskipti 200 mflur Íþróttir Enski Fólkið Smartland Matur Börn Ferðalög

Lilja bauð háskólakonum í teiti í Ráðherrabústaðnum



FHK í fjölmiðlum



FHK á Hringbraut

- Halldóra Traustadóttir, formaður FHK, og Elísabet Sveinsdóttir, meðstjórnandi, mættu í viðtal hjá Sigmundi Erni Rúnarssyni, á Hringbraut þar sem rætt var um sögu félagsins og núverandi starfsemi.

Rannsóknarstyrkur FHK



Rannsóknarstyrkur

Félag háskólakvenna auglýsir eftir styrkumsóknum. Um er að ræða 500 þúsund króna rannsóknarstyrk til háskólakvenna í framhaldsnámi.

Umsókn þarf að samanstanda annars vegar af ferilskrá styrkþega og hins vegar af hámark 400 orða lýsingu á rannsókninni og hvert framlag rannsóknarinnar er fyrir fræðasviðið.

Umsóknir sendist á netfangið
felaghaskolakvenna@gmail.com.

Umsóknarfrestur er til 1. mars næstkomandi.

- FHK veitir rannsóknarstyrk að upphæð 500 þúsund.
- 12 umsóknir bárust.
- Vegna COVID-19 fer afhending fram haustið 2020.

Hátíðarkveðja

Stjórn FHK sendi félagskonum
hátíðarkveðju í desember.





Mæðrastyrksnefnd

Guðrún Gunnarsdóttir er fulltrúi FHK í stjórn Mæðrastyrksnefndar. Auður Reynisdóttir og Edda Björt eru fulltrúar FHK með vinnuframlag.

FHK er aðili að GWI

Félag háskólkvenna er aðili að Graduated Women International, GWI, sem fagnaði 100 ára afmæli á síðasta ári.





FÉLAG HÁSKÓLAKVENNA

STOFNAÐ 1928

Skýrsla stjórnar 2019-2020